

Stofnanasamningur

Fangelsismálastofnun ríkisins

og

SFR stéttarfélag í almannajónustu

gera með sér svofellt stofnanasamkomulag um forsendur og reglur um röðun annarra félagsmanna SFR en fangavarða hjá Fangelsismálastofnun ríkisins samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 9. mars 2005.

1. gr.

Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsmanna SFR annarra en fangavarða hjá Fangelsismálastofnun ríkisins samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 9. mars 2005.

2. gr.

Markmið

Meginmarkmið samkomulags þessa eru:

- a. Að hafa jafnan á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem vinnur að markmiðum stofnunarinnar.
- b. Að taka tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða.
- c. Að auka gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum.
- d. Að fjölga úrræðum til að umbuna starfsmönnum fyrir vel unnin störf eða vegna sérstaks álags.
- e. Að halda reglubundin starfsmannasamtöl og gera frammistöðumat.

3. gr.

Starfaflokkar

Til grundvallar röðun skal liggja starfslýsing viðkomandi starfsmanns. Launakerfi Fangelsismálastofnunar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

Starfaflokkur I

Almennt starf sem að jafnaði er unnið undir stjórn annarra. Einnig tímabundin skrifstofustörf og afleysingastörf, t.d. sumarfólk eða nemar.

Starfaflokkur II

Almennt venjubundið starf sem unnið er undir umsjón og eftirliti annarra. Verkefni felast aðallega í almennri þjónustu s.s. símaörslu, afgreiðslu, ljósritun, frágangi á pósti, skráningu ýmis konar upplýsinga, almennri ritvinnslu og upplýsingagjöf til viðskiptamanna og skjólstæðinga.

Starfaflokkur III

Sérhæft skrifstofustarf sem krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum og töluverðrar þekkingar á starfsemi og hlutverki stofnunar. Starfsmaður þarf að geta veitt viðskiptamönnum og skjólstæðingum stofnunarinnar upplýsingar á sínu starfssviði. Starfið getur m.a. falið í úrvinnslu gagna, vinnu í málaskrá og töflugerð. Starf í þessum starfaflokki getur falið í sér verkstjórn að einhverju marki.

Starfaflokkur IV

Starf sem felur í sér ábyrgð og umsjón með verkefnum sem krefjast verulegrar þekkingar á starfssviðum stofnunar. Starfsmaður skal hafa staðgóða þekkingu á verkefninu, vinna sjálfstætt og/eða hafa verkstjórn yfir öðrum starfsmönnum. Starfsmaður getur borið ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum gagnvart yfirmanni stofnunar.

Starfaflokkur V

Starf sem felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna, hafa umsjón með og bera ábyrgð á verkefnum og/eða málaflokkum. Með umsjón er meðal annars átt við skipulagningu og/eða stjórnun á áætlanagerð, kostnaðareftirliti eða viðvarandi verkefnastjórnun. Starfið krefst víðtækrar þekkingar á starfssviðum stofnunarinnar. Starfsmaður ber ábyrgð á verkefnum gagnvart yfirmanni stofnunar. Í starfinu getur falist að koma fram fyrir hönd stofnunar.

4. gr.

Röðun starfaflokka í launaflokka

Röðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Til grundvallar liggur viðkomandi starfslýsing og röðun starfsins í starfaflokk. Röðun starfsmanna milli starfaflokka getur skarast.

- Starfaflokkur I grunnraðast í launaflokk 1
- Starfaflokkur II grunnraðast í launaflokk 11
- Starfaflokkur III grunnraðast í launaflokk 13
- Starfaflokkur IV grunnraðast í launaflokk 15
- Starfaflokkur V grunnraðast í launaflokk 18

Störf og starfskjör skulu rædd eftir þörfum m.t.t. röðunar þeirra. Starfsmaður getur óskað eftir endurmati á röðun starfs. Starf endurraðast milli launaflokka samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

5. gr.

Viðbótarforsendur við mat á röðun í launaflokka

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til launaflokkahækkunar. Slíkt álag skal háð endurmati. Við mat á álagi vegna þessara þátta ber að líta til starfsreynslu, viðbótarábyrgðar og álags vegna sérstakra verkefna, hæfni og sérstaks árangurs og/eða frammistöðu.

5.1. Starfsreynsla

Starfaflokkur I: Enginn skal vera lengur en 6 mánuði í þessum starfaflokki.

Starfaflokkur II – V:

- Starfsmaður skal fá einn launaflokk eftir tveggja ára starfsreynslu og annan launaflokk eftir fimm ára starfsreynslu. Starfsreynsla miðast við reynslu úr sama eða sambærilegu starfi.
- Eftir sex ára starf hjá stofnuninni skal starfsmaður fá einn launaflokk og annan eftir níu ára starf.

5.2. Persónulegt hæfi

Persónulegt hæfi umfram venjulegar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna geta leitt til hækkunar launa. Slíkt persónulegt hæfi getur falist í:

- Aukinni færni og þekkingu
- Frumkvæði
- Fjölhæfni

6. gr

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl milli yfirmanns og starfsmanns skulu vera árleg. Í starfsmannasamtölum gefst aðilum kostur á að fara yfir verkefnastöðu og skipulag. Þar skulu starfsánægja, árangur og væntingar til starfsins rædd. Gert er ráð fyrir að stjórnendur og starfsmenn setji sér sameiginleg markmið svo sem um starfs- og endurmenntun í starfsmannasamtölum.

7. gr.

Ágreiningur og endurskoðun

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma við framkvæmd stofnansamnings þessa skal vísað til samstarfsnefnda í samræmi við ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og SFR.

Um endurskoðun á þessu samkomulagi fer samkvæmt ákvæðum í kafla 11.4.3.1 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005.

8. gr.

Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 2. nóvember 2006

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

f.h. SFR starfsmannafélags í almannáþjónustu

Bókun 1 með stofnanasamningi Fangelsismálastofnunar ríkisins og SFR starfsmannafélags í almannáþjónustu frá 2. nóvember 2006

Í samkomulagi Fangelsismálastofnunar og einstakra starfsmanna um ráðningarkjör stendur: Telji starfsmaður þörf á því að vinna meiri yfirvinnu en 20 klst. á hverju yfirvinnutímabili, ber fyrirfram að fá samþykki forstjóra til þess. Aðilar eru sammála um að 20 klst. breytist í 15 klst. við gildistöku nýs stofnanasamnings.

Reykjavík, 2. nóvember 2006

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

f.h. SFR starfsmannafélags í almannáþjónustu

Bókun 2 með stofnansamningi Fangelsismálastofnunar ríkisins og SFR starfsmannafélags í almannaþjónustu frá 2. nóvember 2006

Innifalið í samkomulagi þessu er úthlutun á þeim hluta framlags til Fangelsismálastofnunar ríkisins sem kemur til ráðstöfunar 1. maí 2007 samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og SFR, starfsmannafélags í almannaðjónustu, frá 9. mars 2005 svo og bókunar 2 með þeim samningi.

Reykjavík, 2. nóvember 2006

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

f.h. SFR
